

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 12. nóvember 2021.

Mál nr. 396/2020:

Friðrik Ólafsson

(*Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður*)

gegn

K2 Agency Limited

(*Jón Gunnar Ásbjörnsson lögmaður*)

Lykilorð

Stefnubirting. Útivist. Endurupptaka. Loforð.

Útdráttur

K2, umboðsfyrirtæki hljómsveitarinnar Slayer í Evrópu, höfðaði mál á hendur F, fyrirsvarsmanni fyrirtækisins S ehf., sem hélt tónlistarhátíðina Secret Solstice í Reykjavík sumarið 2018 þar sem hljómsveitin Slayer kom fram. K2 krafðist greiðslu eftirstandandi sammingsfjárhæðar fyrir hönd hljómsveitarinnar, annars vegar úr hendi S ehf. á grundvelli sammingsbands og hins vegar úr hendi F á grundvelli ábyrgðaryfirlýsingar. Útivist varð bæði af hálfu S ehf. og F í héraði og var stefna árituð um aðfararhæfi 11. júní 2019. F óskaði eftir endurupptöku málsins innan frests samkvæmt 1. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og var orðið við þeirri ósk. S ehf. óskaði ekki eftir endurupptöku og var málið á hendur félaginu því leitt til lykta með framangreindri áritun stefnu um aðfararhæfi. Í dómi Landsréttar kom fram að héraðsdómsstefnu hafi borið að birta á hendur F, sem bjó í Bretlandi, eftir þarlendum birtingarreglum og samkvæmt gögnum málsins hafi það verið gert. F var hins vegar ekki talinn hafa hnekk birtingarvottorðinu, sbr. 3. mgr. 87. gr. laga nr. 91/1991 og ekki talinn hafa sýnt fram á að útivist hans hafi verið afsakanleg í skilningi a-liðar 2. mgr. 141. gr. laga nr. 91/1991. Þá var hann ekki talinn hafa rökstutt með hvaða hætti það myndi valda honum réttarspjöllum í skilningi b-liðar sömu greinar ef ekki yrði tekið tillit til krafna, málsástæðna og sönnunargagna sem hann færði fram í málinu. Í ljósi andmæla K2 bar því að dæma málið eins og það lá fyrir héraðsdómara við þingfestingu þess, sbr. 1. mgr. 96. gr. sömu laga. Því næst rakti Landsréttur að í gögnum málsins lægi fyrir tölvupóstur F þar sem hann lýsti yfir persónulegri ábyrgð á greiðslu eftirstandandi sammingsfjárhæðar. Í tölvupóstinum var talið felast greiðsluloforð F sem beint var til K2 sem var bært til að taka við því sem umboðsaðili hljómsveitarinnar. Þótt fjárhæð kröfunnar sem loforðið náði til kæmi ekki fram í tölvupóstinum var talið ljóst af gögnum málsins að það næði til kröfu sömu fjárhæðar og dómkrafa K2. Var hinn áfrýjaði dómur því staðfestur.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómarnir Kristbjörg Stephensen og Ragnheiður Harðardóttir og Eiríkur Elís Þorláksson dósent.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 29. júní 2020 að fengnu áfrýjunarleyfi. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 29. apríl 2020 í málinu nr. E-1131/2019.
- 2 Áfrýjandi krefst þess að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið að áfrýjandi verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir héraðsdómi og Landsrétti.
- 3 Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Landsrétti.
- 4 Fyrir Landsrétt hafa verið lögð fram tölvupóstsamskipti áfrýjanda og umboðsskrifstofunnar CAA 19. febrúar 2019 og bókun stefnda í þinghaldi 17. júlí 2019 í héraðsdómsmálinu nr. I-3494/2019.

Niðurstaða

- 5 Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi var héraðsdómsstefna stefnda á hendur áfrýjanda og Solstice Productions ehf. þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 19. mars 2019. Útivist varð af hálfu beggja stefndu í héraði og var stefnan árituð um aðfararhæfi 11. júní 2019, sbr. 113. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Áfrýjandi óskaði eftir endurupptöku málsins 10. júlí 2019 og þar með innan þriggja mánaða frests samkvæmt 1. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991. Var því skilyrðum þess ákvæðis fyrir endurupptöku fullnægt. Solstice Productions ehf. mun ekki hafa óskað eftir endurupptöku málsins.
- 6 Í endurupptökubeiðni skýrði áfrýjandi útivist sína við þingfestingu málsins í héraði með því að hann hefði ekki haft vitneskju um stefnubirtingu í málinu þar sem stefnan hefði ekki verið birt honum. Skilyrði 2. mgr. 141. gr. laga nr. 91/1991 væru því uppfyllt fyrir því að tekið yrði tillit til krafna, málsástæðna og sönnunargagna sem hann færði fram við endurupptöku, þar sem útivist hans í öndverðu hafi verið afsakanleg, sbr. a-lið 2. mgr. 141. gr. laganna og þar sem það myndi valda honum réttarspjöllum ef ekki yrði tekið tillit til nýrra krafna, málsástæðna eða nýrra sönnunargagna, sbr. b-lið sömu málsgreinar.
- 7 Í þinghaldi héraðsdóms 17. júlí 2019 sem haldið var í tilefni af endurupptökubeiðni áfrýjanda lagði stefndi fram bókun þar sem fram kom að hann teldi að ekki væru uppfyllt skilyrði 2. mgr. 141. gr. laga nr. 91/1991 fyrir því að tekið yrði tillit til krafna, málsástæðna og sönnunargagna sem áfrýjandi færði fram við endurupptöku.
- 8 Í 1. mgr. 90. gr. laga nr. 91/1991 segir að eigi stefndi þekkt heimili eða aðsetur erlendis eða það liggi annars fyrir að hann eigi heimili í tilteknu öðru ríki og birting stefnunnar geti ekki farið fram hér á landi eftir öðrum ákvæðum laganna fari um birtingu eftir

lögum þess ríkis og þjóðréttarsamningi ef slíkur samningur hefur verið gerður við hlutaðeigandi ríki.

- 9 Samkvæmt framansögðu bar því að birta stefnu á hendur áfrýjanda, sem samkvæmt þjóðskrá þjó í Bretlandi, eftir þarlandum birtingarreglum. Stefndi hefur lagt fram eiðsvarna yfirlýsingu bresks stefnuvotts 5. febrúar 2019 um að hann hafi 3. febrúar 2019 klukkan 15.05 afhent stefnuna ónafngreindum íbúa að 106c Clarence Road, Lundúnum, sem var síðasta þekkt heimilisfang áfrýjanda. Þá hafi hann sama dag klukkan 17.50 sett stefnuna í umslag sem merkt var áfrýjanda inn um bréfalúgu íbúðar númer 68 í William Dunbar House, Lundúnum, en það heimilisfang hafði áfrýjandi gefið upp við bresku fyrirtækjaskrána 11. janúar 2017. Hvort tveggja hafi hann gert eftir að hafa ítrekað reynt að hafa uppi á áfrýjanda á öðru hvoru heimilisfanginu á tímabilinu 29. janúar til 2. febrúar 2019. Þá hafi hann 4. febrúar sama ár sent afrit stefnunnar á nánar tilgreint netfang áfrýjanda. Samkvæmt framlagðri eiðsvarinni yfirlýsingu nafngreinds lögmanns við Hæstarétt Englands og Wales 15. febrúar 2019 var framangreind birting í samræmi við þarlandar birtingarreglur.
- 10 Samkvæmt framansögðu verður fallist á það með héraðsdómi að stefnan hafi verið birt í samræmi við birtingarreglur í Englandi og Wales og teljist hún því löglega birt en áfrýjandi hefur í engu reynt að hnekkja birtingarvottorðinu, sbr. 3. mgr. 87. gr. laga nr. 91/1991.
- 11 Svo sem fram er komið skýrir áfrýjandi það að hann sótti ekki þing við þingfestingu málsins í héraði með því að hann hafi ekki vitað af stefnubirtingu í málinu þar sem stefnan hefði ekki verið birt honum. Hann hefur á hinn bóginn ekki leitast við með neinum hætti að skýra hver ástæðan sé fyrir því að stefna hafi ekki borist honum. Liggur þó fyrir að stefnan var birt á síðasta þekkt heimilisfangi hans í Bretlandi og jafnframt send á tölvupóstfang hans sem samkvæmt nýjum gögnum sem lögð hafa verið fyrir Landsrétt var enn í notkun 19. febrúar 2019, 15 dögum eftir að stefnan var þangað send. Var tilefnið þó ærið í ljósi bókunar stefnda 17. júlí 2019.
- 12 Samkvæmt framansögðu hefur áfrýjandi ekki sýnt fram á að útivist hans hafi verið afsakanleg í skilningi a-liðar 2. mgr. 141. gr. laga nr. 91/1991. Þá hefur áfrýjandi í engu rökstutt með hvaða hætti það myndi valda honum réttarspjöllum í skilningi b-liðar sömu greinar að ekki verði tekið tillit til krafna, málsástæðna og sönnunargagna sem hann færir fram í málinu. Ber því í ljósi andmæla stefnda, sbr. 2. mgr. 141. gr. laga nr. 91/1991, að dæma málið eins og það lá fyrir héraðsdómara við þingfestingu þess, sbr. 1. mgr. 96. gr. sömu laga.
- 13 Stefndi lýsir málavöxtum í héraðsdómsstefnu svo að hann hafi verið umboðsaðili bandarísku hljómsveitarinnar Slayer. Í kjölfar samningaviðræðna í lok janúar og byrjun febrúar 2018 hafi meðstefndi í héraði, Solstice Productions ehf., og hljómsveitin ásamt þjónustufyrirtæki hennar, Slayer Touring LLC, fyrir milligöngu meðal annars stefnda, komist að samkomulagi um að hljómsveitin kæmi fram sumarið

2018 á tónlistarhátíðinni Secret Solstice, sem haldin var á vegum Solstice Productions ehf. Hafi það gengið eftir og kom hljómsveitin fram á hátíðinni 23. júní 2018. Fyrir það hafi Solstice Productions ehf. samkvæmt samkomulaginu átt að greiða 250.000 bandaríkjadali í þóknun og framlag vegna flutningskostnaðar að fjárhæð 6.000 bandaríkjadali. Þá hafi félagið átt að endurgreiða flugkostnað hljómsveitarinnar og starfsmanna hennar sem samtals hafi numið 73.273,45 bandaríkjadöllum. Félagið hafi hins vegar aðeins greitt hluta samningsfjárhæðarinnar og eftir standi þannig 60.000 bandaríkjadali af umsaminni þóknun ásamt flugkostnaðinum og nemi eftirstöðvarnar því 133.273,45 bandaríkjadöllum.

- 14 Stefnda hafi verið falið að innheimta framangreinda kröfu Slayer Touring LLC sem hafi verið á gjalddaga 4. júlí 2018. Vegna þess hafi hann verið í samskiptum við áfrýjanda sem hafi verið fyrirsvarsmaður Solstice Productions ehf. Hafi áfrýjandi í þeim samskiptum lýst því yfir í tölvupósti 13. september 2018 að hann myndi greiða „slayer“ persónulega vegna framkomu hljómsveitarinnar á tónlistarhátíðinni. Stefndi hafi eignast kröfuna á hendur Solstice Productions ehf. fyrir framsal. Krafan hafi ekki fengist greidd úr hendi Solstice Productions ehf. og hafi honum verið nauðsynlegt að höfða mál þetta á hendur félaginu og áfrýjanda. Málsóknin á hendur áfrýjanda byggist á greiðsluloforði hans 13. september 2018.
- 15 Í gögnum málsins liggur fyrir tölvupóstur áfrýjanda 13. september 2018 sem stefndi kveðst byggja málsókn sína á. Tölvupósturinn er til fulltrúa stefnda undir fyrirsögninni „SLAYER ÍSLAND ÓGREIDD SKULD“ þar sem áfrýjandi nefnir tvær fasteignir í sinni eigu sem hann hafi sett á sölu „til að leysa úr þessu.“ Þá bætir hann við: „Ég á von á því að þessu verði lokið fyrir lok þessa mánaðar, þegar því er lokið mun ég greiða slayer persónulega fyrir solstice [...]“.
- 16 Í framangreindum tölvupósti áfrýjanda fólst ábyrgðarloforð hans sem beint var til stefnda sem var bær til að taka við því sem umboðsmaður hljómsveitarinnar. Þótt fjárhæð kröfunnar sem loforðið nær til komi ekki fram í tölvupóstinum er ljóst af gögnum málsins, sem innihalda meðal annars samskipti aðila í tengslum við innheimtutilraunir stefnda, að það náði til kröfu sömu fjárhæðar og dómkrafa stefnda og að gjalddagi kröfunnar var 4. júlí 2018. Töluleg krafa var óumdeild þegar áfrýjandi gaf loforð sitt. Þá liggur jafnframt fyrir „yfirlýsing um framsal réttinda“ 22. maí 2019 þar sem fram kemur að krafa Slayer Touring LLC á hendur Solstice Productions ehf. að fjárhæð 133.273,45 bandaríkjadali hafi af hálfu Slayer Touring LLC verið framseld stefnda.
- 17 Samkvæmt framansögðu er krafa stefnda í samræmi við framlögð gögn og engir þeir gallar á málalíbúnaði stefnda sem geta leitt til frávísunar án kröfu. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur.
- 18 Áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Landsrétti eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Friðrik Ólafsson, greiði stefnda, K2 Agency Limited, 1.000.000 króna í málskostnað fyrir Landsrétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur, miðvikudaginn 29. apríl 2020,

Þetta mál, sem var tekið til dóms 17. apríl 2020, höfðar K2 Agency Limited, 209 Harbour Yard, Chelsea Harbour, Lundúnum, Bretlandi, með stefnu birtri 3. febrúar 2019 á hendur Solstice Productions ehf., kt. [...], Fiskislóð 31, Reykjavík og Friðriki Ólafssyni, kt. [...], 106C Clarence Road, Lundúnum, Bretlandi, til greiðslu skuldar auk vaxta og málskostnaðar.

Stefnandi krefst þess að stefndu greiði sér óskipt 133.273,45 bandaríkjadali með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 4. júlí 2018 til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar óskipt úr hendi stefndu.

Stefndi Friðrik krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, svo og málskostnaðar úr hendi hans sér að skaðlausu, að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Stefndi Solstice Productions ehf. hefur ekki látið málið til sín taka. Kröfur stefnanda á hendur félaginu voru samþykktar með áritun á stefnu 11. júní 2019.

Málavextir

Ágreiningsefni þessa máls varðar það hvert sé efnislegt inntak tölvuskeytis sem stefndi Friðrik sendi fyrirvarsmanni stefnanda í september 2018.

Málsatvik eru þau að félagið Solstice Productions, stofnað 1999, hefur skipulagt tónlistarhátíðina Secret Solstice í Laugardal í Reykjavík nokkur síðastliðin ár. Í fyrirsvari fyrir félagið voru systkinin Friðrik og Katrín Ólafsson. Árið 2018 höfðu þau hug á því að fá bandarísku hljómsveitina Slayer til þess að vera aðalaðdráttarafli hátíðarinnar þá um sumarið.

Stefnandi, K2 Agency Limited, er umboðsfyrirtæki hljómsveitarinnar í Evrópu. Fyrirtækið Slayer Touring LLC sér um tónleikahald sveitarinnar.

Í lok janúar og byrjun febrúar 2018 sendu fyrirvarsmenn Solstice Productions (Solstice) stefnanda fyrir hönd Slayer Touring tilboð í að hljómsveitin Slayer kæmi fram á tónlistarhátíðinni 23. júní 2018. Í tölvuskeyti sendu 30. janúar 2018 bauð Solstice:

Offer amount: \$250.000 + Ground + hospitality + Flights

Deposit 50%: 4th March 2017 Balance 50%: 4th July 2017

Í tilboðinu voru einnig tilgreindir aðrir þættir sem vörðuðu faglegan og tæknilegan aðbúnað á tónleikasviðinu, ljós, hljóð og fleira. Að auki var þetta tekið fram:

Withholding Tax: 20% on artists fee. US Artists are exempt at \$20.000 and below with Tax Certificate 6166. Can be split between band members if each can produce certificate. Production and other costs can be split from the total fee.

Fyrirsvarsmáður stefnanda innti sérstaklega eftir því hvað mætti fella undir „production costs“ í því ljósi að íslenski 20% skatturinn væri frádráttarbær í Bandaríkjunum. Stefndi Friðrik sendi fyrirsvarsmanni stefnanda tölvuskeyti 7. febrúar og fór yfir skattareglur sem giltu um greiðslur til erlendra listamanna sem kæmu fram hér á landi. Hann tók fram að einungis þyrfti að greiða skatt af launum listamanna. Því væri best að „Slayer management“ gæfi út tvo reikninga sem næmu samanlagðri fjárhæðinni. Annar væri nefndur „laun fyrir listflutning“ (artist fee) og hinn nefndur „framleiðslukostnaður“ (production cost). Solstice myndi þá einungis halda eftir skatti af þeim reikningi sem tilgreindur væri „laun fyrir listflutning“. Í bréfinu tók stefndi Friðrik þetta fram:

Also note that management fees and agency fee are tax exempt as they fall under production cost.

Tilboð Solstice þótti ekki nógu gott og því sendi stefnandi Solstice gagntilboð 9. febrúar. Þar kom fram að hljómsveitin væri reiðubúin að koma fram 23. júní 2018 á stað sem tæki 18.000 manns gegn þessum skilmálum:

@250,000 USD + PA&L plus Ground transport, Hospitality and flights

We will also need you to confirm you are happy to pay for the below

Extras

Flights – 8 First/Business class round trip tickets for the band party, 10 coach class round trip tickets for the crew

Slayer will book the tickets, and you as the promoters will need to reimburse Slayer

Freight – In addition to the gear being freighted from the UK we will need you to cover the 6,000 USD US freight cost

Sound and lighting – To the exact specification of the artists and to be approved by Slayer in advance

Þessu gagntilboði svaraði Katrín Ólafsson nokkrum mínútum síðar:

This is great news. We accept these terms and look forward to having you all here this June.

Ekki er dregið í efa að með þessu tölvuskeyti hafi komist á samningur milli Slayer Touring og Solstice Productions þess efnis að hljómsveitin Slayer kæmi fram á tónleikunum 23. júní 2018 gegn greiðslu 250.000 dala þóknunar, 6.000 dala fyrir kostnað af flutningi tækja og kostnaðar af því að fljúga hljómsveitinni og starfsmönnum hennar fram og til baka, en óvíst var þá hversu hár hann yrði.

Tveimur vikum síðar, 24. febrúar, sendi Katrín starfsmanni stefnanda tölvuskeyti og óskaði eftir að fá eins fljótt og auðið væri samning og reikninga vegna framkomu Slayer. Hún lagði til greiðsluáætlun þar sem fyrsta greiðsla yrði innt af hendi 4. apríl, en 4. júní yrði greitt fyrir fargjöld og flutning tækja og 4. júlí yrði greitt það sem út af stæði. Þegar 26. febrúar ráðgerði starfsmaður Solstice að afla sér upplýsinga frá starfsmönnum Slayer um það hversu hár flugkostnaðurinn yrði. Samkvæmt fram lögðum gögnum voru flestir flugmiðarnir keyptir í apríl, örfáir í maí og einn í júní og mun ferðaskrifstofan Altour International hafa séð um að kaupa þá.

Reikningar sem samanlagt námu 250.000 bandaríkjadöllum voru sendir Solstice með tölvuskeyti 12. mars og voru dagsettir þann dag.

K2 Agency Ltd.	Agency Commission 10%	USD 25.000
Rick Sales Entertainment	Management Commission 15%	USD 37.500
Slayer Touring LLC	Artist Fee for Slayer	USD 87.500
Slayer Touring LLC	Production Contribution	USD 100.000
Samanlagt		<u>USD 250.000</u>

Eftir hádegi 18. júní var samningur sendur fyrirsvarsmönnum Solstice. Í þeim samningi voru sömu ákvæði og í gagntilboðinu í tölvuskeyti sendu 9. febrúar. Heildarfjárhæðin, 250.000 bandaríkjadalir, var sundurliðuð í 87.500 dali sem laun (salary) og 162.500 dali sem framleiðslukostnað (production expenses). Síðar sama dag, 18. júní, sendi starfsmaður stefnanda fyrirsvarsmönnum Solstice leiðréttan

samning. Í honum hafði 250.000 dala þóknuninni verið skipt í 150.000 dala laun (salary) og 100.000 dala framleiðslukostnað (production expenses). Báðir samningarnir eru dagsettir 28. febrúar 2018.

Þennan sama dag, 18. júní, áréttaði starfsmaður stefnanda að samkvæmt samningsskilmálum þyrfti að greiða þá þegar tryggingu sem næmi 50% af 250.000 dala þóknuninni og ætti hún að berast inn á reikning stefnanda. Daginn eftir, 19. júní, lagði Solstice alls 120.000 dali inn á reikning Slayer Touring LLC í stað reiknings stefnanda. Þessi fjárhæð samsvaraði 150.000 dala þóknun fyrir listflutning að frádregnum 20% vörsluskatti, 30.000 dölum, sem Solstice átti að afhenda íslenskum skattfyrvöldum.

Stefnandi sendi Solstice 21. júní reikninga vegna kostnaðar af flugi hljómsveitarinnar og starfsmanna frá Bandaríkjunum sem námu samanlagt 73.273,45 bandaríkjadöllum. Þótt flestir miðarnir hafi verið keyptir tveimur mánuðum fyrr, og starfsmenn Solstice því haft svigrúm til þess að afla sér upplýsinga um þennan kostnað, mun fjárhæðin hafa komið þeim á óvart.

Þennan dag, 21. júní, lá fyrir að skuldbinding Solstice við Slayer Touring næmi:

Samþykkt þóknun	USD 250.000,00
Framlag til flutningskostnaðar	USD 6.000,00
Endurgreiðsla flugkostnaðar	USD 73.273,45
Samanlagt	USD <u>329.273,45</u>

Stefndi vill líta svo á að 28. febrúar 2018 hafi verið gerður endanlegur samningur á milli Solstice Productions og Slayer um þóknun hljómsveitarinnar, sem næmi 150.000 bandaríkjadöllum, ásamt flug- og flutningskostnaði hljómsveitarinnar sem næmi samanlagt 6.000 dölum. Í samningnum hafi einnig verið kveðið á um 100.000 dala kostnað vegna sviðsetningar. Stefndi lítur svo á að Solstice hafi alfarið séð um sviðsetningu enda hafi stefnandi ekki lagt fram reikninga eða greiðslukvittanir vegna þess þáttar samningsins. Sú fjárhæð hafi því verið greidd með vinnu starfsmanna Solstice við sviðsetningu.

Hljómsveitin Slayer kom fram á tónlistarhátíðinni 23. júní 2018 án nokkurra vandkvæða eða athugasemda af hálfu Solstice.

Að tónlistarhátíðinni lokinni átti Solstice, að mati stefnanda og Slayer Touring, eftir að greiða Slayer 100.000 dali í framleiðslukostnað og 73.273,45 dali í kostnað vegna farþegaflugs. Stefnanda, sem umboðsaðila Slayer, var falið að innheimta þessa kröfu hjá stefnda Solstice. Samkvæmt tölvuskeyti sendu 4. júlí munu 6.000 dalir fyrir flutningskostnað þá þegar hafa verið greiddir.

Starfsmenn stefnanda ýttu á eftir greiðslu frá Solstice á tímabilinu 25. júní til 16. júlí. Stefndi Friðrik svaraði þann dag og lofaði að greiða næstkomandi föstudag. Stefnandi þyrfti þó að senda honum greiðslukvittanir frá flugfélögunum fyrir hvern farþega sérstaklega. Síðustu daga júlí ýtti fyrirsvarsmáður stefnanda enn á eftir því við stefnda Friðrik að fá greiðslu, annars vegar 100.000 dali sem eftir stæðu af heildargjaldinu og hins vegar fyrir ógreidd fargjöld sem næmu 73.273,45 dölum. Stefndi Friðrik lofaði ýmsu en ekkert gerðist og á tímabili virðist hann hafa hætt að svara reglubundnum fyrirspurnum forsvarsmanns stefnanda.

Solstice greiddi 40.000 bandaríkjadali inn á reikning stefnanda 10. ágúst 2018 og hefur ekki greitt neitt frekar vegna listflutnings Slayer á tónlistarhátíðinni.

18. júní 2018	USD 120.000,00
10. ágúst 2018	USD 40.000,00
Samanlagt	USD <u>160.000,00</u>

Stefndi lítur svo á að með því að greiða samanlagt 160.000 dali og sjá um sviðsetningu hafi Solstice fyllilega gert upp samningsskuldbindingar sína við Slayer Touring. Það eina sem gæti talist ógreitt væri hluti af flugkostnaði. Ógreiddur flugkostnaður skýrist af því að stefnandi hafi aldrei lagt fram greiðslukvittanir fyrir því að hann eða Slayer hafi greitt flugfélögunum þá fjárhæð sem krafist sé. Solstice hafi margoft óskað eftir greiðslukvittunum. Útþrent úr tölvukerfi Altour International geti ekki talist sönnun fyrir þessari meintu skuld enda sé gjaldmiðils ekki einu sinni getið þar. Þá beri fjárhæðum ekki saman á milli útþrentanna. Solstice Productions hafi frá upphafi mótmælt þessum meinta kostnaði og ljóst sé að flugkostnaður sem nemi 73.273,45 bandaríkjadöllum sé ekki eðlilegur.

Eftir 10. ágúst hélt stefnandi áfram að þrýsta á Solstice að greiða það sem ógreitt var. Stefndi Friðrik ritaði fyrirvarsmanni stefnanda tölvuskeyti 13. september og sagðist hafa, til þess að leysa málið, sett á sölu tvær fasteignir sem hann ætti. Hann gerði ráð fyrir að önnur seldist fyrir lok mánaðarins og þá myndi hann persónulega greiða Slayer fyrir að hafa komið fram á Solstice-hátíðinni (when that is done I will pay slayer personally for solstice).

Höfuðágreiningur þessa máls er hvernig beri að túlka efni þessa tölvuskeytis. Greiðslan sem nefnd var í tölvuskeytinu barst stefnanda þó ekki.

Tveimur vikum eftir að Solstice greiddi stefnanda 40.000 dali greiddi stefnandi þá fjárhæð inn á reikning Slayer. Stefnandi greiddi Slayer 133.273,45 dali 10. og 11. október og hafði þá greitt alla þá fjárhæð sem Solstice skuldaði Slayer. Stefnandi og Slayer Touring LLC gerðu svo samning 27. mars 2019 þar sem krafa Slayer á hendur Solstice Productions var framseld stefnanda. Stefnandi lítur svo á að ógreidd sé þessi fjárhæð:

Eftirstöðvar þóknunar:	USD 60.000,00
Endurgreiðsla flugkostnaðar:	USD 73.273,45
Samanlagt	<u>USD 133.273,45</u>

Samkvæmt framlögðum gögnum seldi stefndi Friðrik í desember 2018 aðra eignina sem hann kvaðst í tölvuskeytinu 13. september 2018 myndu selja til þess að greiða skuld Solstice við Slayer.

Með bréfi dags. 18. desember 2018 var stefndi Solstice krafinn um greiðslu kröfunnar og með bréfi 21. desember 2018 var stefndi Friðrik, sem ábyrgðarmaður, krafinn um greiðslu kröfunnar.

Stefnandi gaf út stefnu á hendur Solstice og Friðriki 24. janúar 2019. Stefndi Friðrik var á þeim tíma eini skráði stjórnarmaður fyrirtækisins og framkvæmdastjóri. Samkvæmt þjóðskrá bjó hann þá í Lundúnum. Stefnan var því send þangað til birtingar fyrir honum, annars vegar sem fyrirvarsmanni stefnda Solstice Productions og hins vegar persónulega. Stefnandi hafði annars vegar heimilisfang sem stefndi Friðrik hafði gefið upp hjá fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra og hins vegar fann breskur stefnuvottur heimilisfang sem stefndi hafði gefið upp hjá fyrirtækjaskrá (Companies House) í Bretlandi.

Stefnan var skilin eftir á báðum þessum stöðum 3. febrúar 2019 og einnig send stefnda Friðriki í tölvuskeyti. Málið var þingfest 19. mars það ár. Hvorugur stefndu sótti þing og var stefnan árituð 11. júní 2019. Stefndi Friðrik sendi dóminum beiðni um endurupptöku málsins 10. júlí 2019 en stefndi Solstice Productions óskaði ekki eftir endurupptöku. Áritun á stefnu um aðfararhæfi voru því lyktir málsins fyrir þann stefnda. Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu gerði árangurslaust fjárnám hjá stefnda Solstice 30. ágúst 2019 vegna þeirrar kröfu sem er hér til umfjöllunar.

Sá ágreiningur sem eftir stendur af upphaflegum ágreiningi varðar því, eins og áður greinir, einvörðungu efni tölvuskeytisins sem stefndi Friðrik sendi fyrirvarsmanni stefnanda 13. september 2018.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi telur ljóst að um kröfu hans gildi íslensk lög, enda sé annar samningsaðilinn íslenskur lögaðili og þjónusta hins hafi verið innt af hendi á Íslandi. Krafan hafi því sterkust tengsl við Ísland, sbr. 4. gr. laga nr. 43/2000 um lagaskil á sviði samningaréttar.

Stefnandi byggir mál sitt á meginreglum samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi loforða og efnir samningsskuldbindinga. Stefndi Solstice hafi lofað að greiða Slayer áður nefnda fjárhæð gegn því að hljómsveitin kæmi fram á tónlistarhátíðinni Secret Solstice á vegum stefnda Solstice. Slayer hafi innt af hendi skyldu sína samkvæmt samningi aðila. Hins vegar sé ljóst að stefndi Solstice hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum. Ógreidd skuld stefnda Solstice nemi samanlagt 133.273,45 bandaríkjadöllum sem stefnandi krefjist að stefndi greiði sér á grundvelli almennra reglna um efnir skuldbindinga. Eins og gögn málsins beri með sér sé skuldin óumdeild og viðurkennd.

Krafa stefnanda á hendur stefnda Friðriki byggist á ábyrgðarskuldbindingu, sem hann hafi veitt með loforði í tölvuskeyti sem hann ritaði stefnanda 13. september 2018. Stefnandi byggir á því að með tölvuskeytinu hafi stefndi Friðrik gefið stefnanda fyrir hönd Slayer ábyrgðarloforð þess efnis að hann

myndi ábyrgjast persónulega greiðslu á kröfu Slayer fyrir framkomu sveitarinnar á tónlistarhátíðinni. Ábyrgðarloforðið sé skýrt og ótvírætt. Það hafi verið gefið í tengslum við vanefnd stefnda Solstice. Stefnandi Friðrik hafi setið í stjórn þess félags og að auki verið framkvæmdastjóri þess. Loforðið hafi verið gefið stefnanda sem hafi verið bær til þess að taka við því fyrir hönd Slayer. Loforðið hafi vakið þær væntingar hjá stefnanda og Slayer að stefndi Friðrik myndi greiða Slayer hina ógreiddu skuld persónulega, gæti stefndi Solstice ekki greitt hana. Stefnandi Solstice hafi ekki greitt hina umkröfðu skuld þrátt fyrir að skorað hafi verið á félagið að greiða hana. Í það minnsta þrjú árangurslaus fjárnám hafi verið gerð hjá stefnda Solstice, þar af eitt vegna þessarar kröfu sérstaklega, og því sé ljóst að ábyrgðarskuldbinding stefnda Friðriks sé orðin virk.

Stefnandi byggir á því að ábyrgðarloforð Friðriks hafi verið skilyrðislaust. Tilvísun stefnda Friðriks til þess að hann myndi greiða Slayer persónulega eftir að hafa selt aðra af tveimur nánar tilgreindum fasteignum hafi hvorki takmarkað né skilyrt á nokkurn hátt skuldbindingargildi loforðsins, enda hafi verið ótvírætt af loforðinu að Friðrik myndi á endanum greiða Slayer persónulega þótt honum tækist ekki að selja áður nefndar fasteignir. Verði á hinn bóginn talið að skuldbindingargildi ábyrgðarloforðsins hafi verið háð því skilyrði að Friðriki tækist að selja aðra af þeim tveimur fasteignum sem hann nefndi í tölvuskeytinu frá 13. september 2018 byggir stefnandi á því að loforðið hafi orðið skuldbindandi í kjölfar þess að Friðrik seldi aðra fasteignina, sem stefnandi telur að hafi verið í desember 2018 fyrir milligöngu fasteignasölnunnar Stakfells.

Samkvæmt samningi stefnda Solstice og Slayer frá 9. febrúar 2018 skyldi hinn fyrrnefndi hafa lokið við að greiða kröfu Slayer 4. júlí 2018 sem sé gjalddagi skuldarinnar. Stefnandi krefjist því dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af eftirstöðvum skuldarinnar frá 4. júlí 2018, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001, til greiðsludags.

Stefnandi byggir mál sitt á meginreglum samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi loforða og efnir samningsskuldbindinga. Dráttarvaxtakrafa stefnanda styðjist við 1. mgr. 6. gr., sbr. 1. mgr. 5. gr., laga nr. 38/2001. Krafa um málskostnað styðjist við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísar stefnandi til 1. mgr. 33. gr. og 1. mgr. 42. gr. laganna.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi Friðrik hafnar öllum málsástæðum stefnanda. Hann byggir kröfu sína um sýknu einkum á: (i) aðildarskorti til varnar; (ii) aðildarskorti til sóknar; og (iii) því að stefnandi hafi ekki fært sönnur á þá fjárhæð sem hann krefst úr hendi stefndu.

Aðildarskortur til varnar – engin kröfuábyrgð og ekkert skuldbindandi loforð

Stefndi byggir á því að ekkert kröfusamband hafi stofnast milli hans og stefnanda. Því beri að sýkna stefnda á grundvelli aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Stefnandi telur að tölvuskeyti sem hann sendi fyrirsvarsmanni stefnanda 13. september 2018 hafi ekki falið í sér skuldbindandi loforð eða kröfuábyrgð, hvorki í skilningi laga um ábyrgðarmenn nr. 32/2009 né laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936. Stefnandi beri þar einkum fyrir sig sex atriði.

Í *fyrsta lagi* felist ekki skuldbindandi ábyrgðarloforð í tölvuskeyti stefnda frá 13. september 2018 heldur fremur sáttaviðleitni stefnda. Hin meinta krafa, sem stefnandi telji stefnda hafa ábyrgst, sé hvergi tilgreind, hvorki fjárhæð hennar, eigandi né uppruni. Þar að auki sé skuldari kröfunnar hvergi tiltekinn. Hið meinta andlag kröfuábyrgðar sé því ekki tilgreint í tölvuskeyti stefnda. Stefnandi telur enn fremur að Solstice Productions hafi efnt meginskuldbindingu sína samkvæmt gildandi samningi félagsins við hljómsveitina Slayer með greiðslu 160.000 dala því 100.000 dalir hafi verið greiddir með vinnuframlagi starfsmanna Solstice við sviðsetningu. Skilyrði kröfuábyrgðar séu því ekki uppfyllt.

Í *öðru lagi* hafi stefndi ritað tölvuskeytið í störfum sínum sem framkvæmdastjóri Solstice Productions og sent það úr vinnunetfangi sínu. Tölvuskeytið virðist lýsa þeirri huglægu og almennu afstöðu stefnda, Friðriks, sem framkvæmdastjóra Solstice Production, að vilja leysa málin gagnvart hljómsveitar-meðlimum Slayer í sátt og samlyndi.

Í þriðja lagi telur stefndi að beita beri andskýringarreglu samningaréttar við túlkun umrædds tölvuskeytis. Það verði að skýra skeytið stefnanda í óhag. Hefði stefnandi raunverulega talið tölvuskeytið fela í sér ábyrgðaryfirlýsingu stefnda hefði hann leitast eftir því að gera um það skriflegt samkomulag.

Í fjórða lagi telur stefndi að þrátt fyrir meint kröfuframsal Slayer Touring til stefnanda beinist hið meinta loforð stefnda, Friðriks, að hljómsveitarmedlimum Slayer. Orðum tölvuskeytisins sé hvorki beint að stefnanda né Slayer Touring. Þau félag komi málinu ekkert við og geti ekki undir neinum kringumstæðum byggt á því að stefndi, Friðrik, hafi ábyrgst greiðslur krafna sem þessi félag kunni að hafa átt eða eiga á hendur íslenskum félögum vegna tónlistarhátíðar Secret Solstice.

Í fimmta lagi vísar stefndi til reglna félagaréttar um takmarkaða ábyrgð, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994.

Í sjötta lagi skapi umrætt tölvuskeyti stefnanda engin réttindi, sbr. reglur samningaréttar um þriðjamannslöggerninga.

Stefndi telji að jafnvel þótt dómurinn túlkaði tölvuskeytið sem kröfuábyrgð væri sú ábyrgð vafalaust einföld, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga um ábyrgðarmenn nr. 32/2009. Í því sambandi vísar stefndi til meðskýringarreglu samningaréttar. Sé ábyrgð einföld verði kröfuhafi að leita fullnustu hjá aðalskuldara með öllum tiltækum ráðum. Hann verði því að sanna að hann geti ekki fengið neinar efnir úr hendi aðalskuldara vegna ógjaldfærni hans áður en hann leiti réttar síns á hendur ábyrgðarmanni. Þetta hafi stefnandi ekki gert. Því séu skilyrði einfaldrar ábyrgðar ekki uppfyllt. Væru þau það myndi stefndi bera fyrir sig ógildingarreglur samningalaga nr. 7/1936.

Aðildarskortur til sóknar

Stefndi byggir á því að hið meinta framsal uppfylli ekki almennar reglur um framsal kröfuréttinda. Stefndi beri þar einkum fjögur atriði fyrir sig.

Í fyrsta lagi hafi framseljandi, Slayer Touring, ekki verið heimildarmaður að meintri kröfu. Því hafi ekki orðið nein aðilaskipti að hinni meintu kröfu. Framsal leiði því aðeins til aðilaskipta að kröfuréttindum að framseljandi hafi heimild til þess að ráðstafa réttindunum á þann hátt sem framsalssamningur geri ráð fyrir. Hinn gildandi samningur málsins hafi verið gerður á milli Solstice Productions, Slayer Touring og hljómsveitarinnar Slayer. Framsalssamningurinn sé aftur á móti einungis gerður á milli stefnanda og Slayer Touring. Framsalshafinn Slayer Touring hafi því ekki átt þann rétt til kröfunnar að hann gæti framselt hana til stefnanda án aðkomu hljómsveitarinnar sjálfar, þ.e. Slayer. Hið meinta framsal sé því ekki gilt að lögum.

Í öðru lagi verði fátt ráðið af hinum meinta framsalssamningi þar eð hin meinta krafa sé ekki einu sinni tilgreind með vísan til meðfylgjandi og gildandi samnings vegna framkomu Slayer á tónlistarhátíðinni Secret Solstice. Grundvöllur hinnar meintu skuldar virðist vera tölvuskeytasamskipti sem fóru fram í aðdraganda hins gildandi samnings án þess þó að til þeirra sé sérstaklega vísað. Uppruni kröfunnar sé ekki heldur tilgreindur en þó sé vísað til eiganda hennar, þ.e. hljómsveitarinnar Slayer, án þess að eigandinn sé samningsaðili og undirriti framsalssamninginn.

Í þriðja lagi sé framsalssamningurinn afmarkaður við meinta skuld Solstice Productions vegna framkomu hljómsveitarinnar Slayer á tónlistarhátíðinni Secret Solstice 23. júní 2018. Hvergi sé minnst á meinta skuld stefnda Friðriks eða meinta tryggingu hans fyrir tiltekinni kröfu. Í framsalssamningnum hafi engin tryggingarréttindi verið bundin nánar tiltekinni kröfu og því ekkert framsal á tryggingarréttindum.

Í fjórða lagi sé það á ábyrgð Slayer Touring, sem meints framsalhafa, að tryggja stefnanda að umrædd krafa sé til og þess efnis sem látið er uppi. Eins og rakið sé í lýsingu málsatvika telji stefndi að krafan sé einfaldlega ekki til, í það minnsta ekki á þann hátt sem sé kveðið á um í framsalssamningi.

Samkvæmt því sem rakið hafi verið telur stefndi að stefnandi hafi ekki fært fram örugga sönnun fyrir rétti sínum. Því eigi stefnandi ekki aðild að þessu máli. Stefndi byggir á því að ekkert réttarsamband hafi stofnast milli sín og stefnanda þar eð stefnandi hafi aldrei átt aðild að samningum Slayer vegna tónlistarhátíðarinnar Secret Solstice. Stefndi telur stefnanda ekki hafa sýnt fram á með hvaða hætti athöfnin brjóti gegn lögvörðum hagsmunum hans í skilningi 25. gr. laga nr. 91/1991. Stefndi byggir aðild sína á

kröfuframsali sem uppfylli ekki almennar reglur um framsal kröfuréttinda. Af þeim sökum telji stefndi stefnanda skorta aðild að málinu. Því verði að sýkna stefnda af öllum kröfum félagsins, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnufjárhæð ósönnuð

Eins og komið hafi fram í lýsingu málsatvika sé stefnda ekki ljóst hvernig stefnufjárhæð sé komin til og á hvaða grundvelli stefnandi beini kröfum sínum að honum. Í málinu liggja fyrir samningur þar sem samið hafi verið um að þóknun hljómsveitarinnar Slayer næmi 150.000 bandaríkjadöllum ásamt flug- og flutningskostnaði hljómsveitarinnar sem næmi 6.000 dölum, þ.e. fyrir að koma fram og spila á tónlistarhátiðinni Secret Solstice í Laugardal 23. júní 2018. Samkvæmt fyrirbyggjandi greiðslukvittunum hafi Solstice Productions greitt 160.000 bandaríkjadali. Því hafi nú þegar verið greitt fyrir alla þóknun hljómsveitarinnar, allan flutningskostnað og 4.000 dalir vegna flugkostnaðar. Í samningnum hafi verið kveðið á um að Solstice ætti að leggja sitt af mörkum vegna sviðsetningar eða að hámarki 100.000 dali. Stefndi telur félagið Solstice hafa staðið við þennan hluta samningsins með því að sjá alfarið um sviðsetninguna, þar með talið uppsetningu sviðsins, hljóðkerfisins o.fl. Stefndi vísar til þess að stefnandi hafi vegna þessa ekki lagt fram neina bakreikninga eða greiðslukvittanir sem sýni fram á að stefnandi hafi borið kostnað af sviðsetningunni. Stefndi skorti því fullgilda sönnun fyrir meintum útlögðum flugkostnaði og sviðsetningarkostnaði, t.d. í formi greiðslukvittana. Solstice Productions hafi frá upphafi mótmælt meintum flugkostnaði, enda ljóst að flugkostnaður sem nemi 73.273,45 bandaríkjadöllum sé ekki eðlilegur og langt fram úr hófi.

Þar eð stefnufjárhæðin sé ósönnuð beri að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Fallist dómurinn ekki á sýknu stefnda telji stefndi að hin meinta skuld eigi einungis að nema eðlilegum og hæfilegum flugkostnaði til landsins, og þá að teknu tilliti til framangreindra greiðslna Solstice Productions.

Stefndi styður sýknukröfu sína jafnframt þeim rökum að stefnandi hafi vegna tómlætis fyrirgert rétti sínum til að hafa uppi fjárkröfu. Solstice Productions hafi 19. júní 2018 greitt hljómsveitinni Slayer 120.000 bandaríkjadali og 10. ágúst 2018 hafi Solstice Productions greitt stefnanda 40.000 dali, hvort tveggja vegna samningsins. Raunverulegar innheimtuáðgerðir á hendur stefnda Friðriki hafi ekki hafist fyrr en honum hafi verið stefnt fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu dagsettri 19. mars 2019. Sú stefna hafi ekki verið birt stefnda en málið þó tekið fyrir og því lokið með áritun stefnu sökum útivistar. Þegar stefndi hafi komist að þessu hafi hann óskað eftir endurupptöku málsins 10. júlí 2019. Stefndi, Friðrik, hafi ríka hagsmuni af því og réttmætar væntingar til þess að engin krafa sé fyrir hendi þar eð stefnandi hafi látið hjá líða að halda uppi meintum rétti sínum til innheimtu kröfunnar.

Með vísan til framangreinds, svo og til gáleysis og aðgerðaleysis stefnanda á því tímabili sem liðið sé, telur stefndi að skilyrði tómlætisreglna séu uppfyllt og því beri að sýkna hann af kröfu stefnanda.

Til stuðnings kröfu um sýknu vísar stefndi til meginreglna samninga-, kröfu- og félagaréttar, einkum um skuldbindingargildi samninga, kröfuábyrgðir, takmarkaða ábyrgð einkahlutafélaga, kröfuréttarsamband, framsal kröfuréttinda, andskýringarreglu, meðskýringarreglu, reglu um þriðjamannslöggerninga og réttaráhrif tómlætis. Einnig vísar stefndi til laga um einkahlutafélög nr. 138/1994, laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 og laga um ábyrgðarmenn nr. 32/2009. Þá vísar stefndi til laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, aðallega til ákvæða III. kafla um ógilda löggerninga. Krafa stefnda um málskostnað byggist á XXI. kafla laga nr. 91/1991, sérstaklega 129. gr. og 130. gr., en vegna greiðslu virðisaukaskatts vísar stefndi til ákvæða laga nr. 50/1998 um virðisaukaskatt.

Niðurstaða

Í þessu máli krefst stefnandi þess að fá greiddar eftirstöðvar samningsgreiðslu, annars vegar úr hendi Solstice Productions á grundvelli samningssambands og hins vegar úr hendi Friðriks Ólafssonar á grundvelli ábyrgðaryfirlýsingar.

Eins og kom fram í lýsingu málsatvika var stefna á hendur báðum málsaðilum, Solstice Productions og Friðriki Ólafssyni, árituð um aðfararhæfi 11. júní 2019. Stefndi Friðrik óskaði endurupptöku málsins með beiðni dagsettri 10. júlí 2019. Í beiðninni er vísað til þess að stefnan hafi ekki verið birt honum og honum hafi ekki fyrr en 7. júlí 2019 orðið kunnugt um að honum hefði verið stefnt. Birting stefnunnar hafi því verið ólögmat, sbr. 83. gr. og 3. mgr. 85. gr. laga nr. 91/1991.

Á þessum tíma var stefndi eini stjórnarmaður Solstice Productions og eini skráði fyrirvarmaður þess félags. Birting stefnunnar á hendur honum var því einnig birting stefnunnar á hendur Solstice Productions. Þótt bæði honum og félaginu sem hann stýrði hafi verið kunnugt um birtinguna á sama tíma hefur hann ekki borið því við að birting stefnunnar á hendur félaginu, sem fór fram samtímis því að stefnan var birt honum, hafi verið ólögmat. Áritun á stefnuna á hendur félaginu er því óhöggð.

Í endurupptökubeiðninni byggði stefndi á því að það hefði verið afsakanlegt, sbr. a-lið 2. mgr. 141. gr. laga nr. 91/1991, að hann hefði ekki sótt þing þegar málið var þingfest þar eð honum hefði ekki verið kunnugt um að honum hefði verið stefnt.

Við aðalmeðferð málsins fyrir dómi byggði stefnandi á því að útivist stefnda í öndverðu hefði ekki verið afsakanleg. Kröfur og málsástæður stefnda kæmust því ekki að í málinu gegn mótmælum stefnanda, sbr. 2. mgr. 141. gr.

Samkvæmt upplýsingum í þjóðskrá bjó stefndi í Bretlandi. Því bar samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga nr. 91/1991 að birta stefnuna eftir lögum þess lands. Dómurinn telur framlögð gögn stefnuvotts og bresks lögmanns færa fullnægjandi sönnur á að stefnan hafi verið birt löglega eftir breskum reglum, svo og að stefnuvottur hafi leitað allra leiða til þess að grafast fyrir um dvalarstað stefnda á Bretlandseyjum annan en þann sem hann hafði tilkynnt íslenskum yfirvöldum.

Stefnan var annars vegar afhent ónafngreindum íbúa á 106c Clarence Road, Lundúnum, kl. 15:05, 3. febrúar 2019, sem sagði stefnda ekki búa þar, og hins vegar skilin eftir í póstkassa sem tilheyrir íbúð 68 í William Dunbar House, Lundúnum, kl. 17:50, sama dag, en nágrannar gátu ekki svarað því til hvort stefndi byggji þar eða ekki. Þrátt fyrir löglega birtingu telur dómurinn að ekki verði fullyrt að stefnan hafi komist í hendur stefnda fyrir þingfestingardag, 11. mars 2019.

Stefnandi vísar einnig til þess að enski birtingarvotturinn hafi 4. febrúar 2019 sent stefnda stefnuna sem viðhengi í tölvuskeyti í póstfang sem stefndi notaði í samskiptum við stefnanda vegna samningsgerðar og annars undirbúnings fyrir komu Slayer til landsins. Stefndi hafi hringt í fyrirvarsmann stefnanda daginn eftir og í samtali þeirra hafi komið fram að stefndi vissi af málshöfðuninni. Til sönnunar þessari fullyrðingu hefur stefnandi þó ekki annað en orð fyrirvarsmanns síns.

Dómurinn telur því að miða verði við að útivist stefnda í öndverðu hafi verið afsakanleg, sbr. a-lið 2. mgr. 141. gr. laga nr. 91/1991, og kröfur hans, málsástæður og sönnunargögn komist því að í málinu.

Eins og áður segir var krafa stefnanda á hendur stefnda Solstice Productions leidd til lykta með áritun um aðfararhæfi 11. júní 2019. Því er hér einvörðungu til úrlausnar hvort stefnandi eigi kröfu á hendur stefnda Friðriki á grundvelli ábyrgðaryfirlýsingar.

Stefnandi byggir kröfu sína á hendur stefnda á tölvuskeyti sem stefndi ritaði fyrirvarsmanni stefnanda 13. september 2018 þar sem segir: „I will pay slayer personally for solstice“.

Til stuðnings því að sér beri ekki að greiða stefnanda skuld Solstice við Slayer Touring, fyrirtæki hljómsveitarinnar Slayer, vísar stefndi fyrst til þess að hann hafi ekki gefið skuldbindandi loforð í tölvuskeytinu og því hafi ekki stofnast ábyrgð á greiðslu skuldarinnar.

Dómurinn fellst ekki á það með stefnda að krafan sem stefnandi telji stefnda hafa ábyrgt sé hvergi tilgreind, hvorki fjárhæð, eigandi né uppruni. Fram lögð tölvuskeytasamskipti stefnanda og Solstice Productions hófust í janúar 2018. Mörg skeytin ritaði stefndi fyrir hönd Solstice eða þá að hann fékk afrit af þeim skeytum sem voru send stefnanda fyrir hönd Solstice. Í þessum skeytum er samningsskuldbindingar Solstice við Slayer Touring oft getið, fyrst í skeyti 9. febrúar 2018 þar sem Katrín tók gagntilboði stefnanda fyrir hönd Slayer Touring og fékk stefndi afrit af því. Þeim voru sendir reikningar vegna framkomu Slayer 12. mars þar sem augljóst er að heildarfjárhæð þóknunarinnar nemur 250.000 bandaríkjadöllum. Þau fengu sendan samning 18. júní þar sem tilgreindir voru sömu skilmálar og þau samþykktu 9. febrúar. Í samningsskilmálunum kom fram að greiða bæri 50% þóknunarinnar þá þegar og það

sem eftir stæði innan sjö daga frá því að hljómsveitin kæmi fram. Solstice greiddi 19. júní 120.000 dali og taldi sig vera að greiða 50% þóknunarinnar samkvæmt tölvuskeyti sendu stefnanda þann dag. Reikningar vegna flugkostnaðar bárust þeim 21. júní 2018. Stefndi vissi einnig að félagið hafði greitt 40.000 dali inn á eftirstöðvar skuldarinnar 10. ágúst. Í fjölmörgum tölvuskeytum fyrirvarsmanns stefnanda kom fram að ógreiddar væru eftirstöðvar þóknunarinnar og flugfargjöld í heild sinni.

Af öllum þessum samskiptum telur dómurinn ótvírætt að stefndi hafi vitað þegar hann ritaði tölvuskeytið 13. september hver hin meinta krafa var, hver fjárhæð hennar var, eigandi, uppruni og skuldari. Þótt andlag ábyrgðarinnar sé ekki tilgreint í því tölvuskeyti hafði það margoft komið fram í samskiptum fram að því að yfirlýsingin var gefin. Eins og síðar greinir fellst dómurinn ekki heldur á að sannað sé að Solstice hafi með því að greiða 160.000 dali efnt alla skuldbindingu sína við Slayer Touring.

Þótt stefndi kunni að hafa notað vinnunetfang sitt til þess að senda skeytið telur dómurinn ljóst að hann sé í textanum að vísa til sín sjálfs sem einstaklings en ekki til sín sem framkvæmdastjóra Solstice, enda bauð hann fram sem greiðslu það sem fengist fyrir íbúðir sem hann átti sjálfur og hafði falið fasteignasala að selja. Því verður ekki litið á efni tölvuskeytisins sem almennan vilja félagsins til þess að leysa málin í sátt, ekki heldur við hljómsveitarmeðlimi sérstaklega.

Stefndi var á fertugsaldri og hafði verið framkvæmdastjóri fyrirtækisins í nokkur ár í það minnsta. Hann hafði jafnframt skipulagt sambærilega tónlistarhátíð í nokkur ár og einnig flutt inn aðrar dýrar, bandarískar hljómsveitir, meðal annars mánuði eftir að Slayer kom fram í júní 2018. Ekki verður séð að neitt hafi hvatt hann til þess að rita skeytið með þessu efni annað en það álit hans að krafan væri réttmæt, og að stefnandi væri bær til þess að taka við loforði sem þessu, svo og stöðug skeyti frá fyrirvarsmanni stefnanda þess efnis að Solstice yrði að gera upp eftirstöðvar samningsins. Ekki verður fallist á að efni skeytisins sé óljóst eða tvírætt. Dómurinn fellst því ekki á það með stefnda að tilefni sé til að beita svo-kallaðri andskýringarreglu og skýra efni tölvuskeytisins stefnanda í óhag.

Í tölvuskeytunum er orðið Slayer meira notað um fyrirtæki hljómsveitarinnar þ.e. Slayer Touring, sem hélt utan um tónleikahald hennar, en hljómsveitina sjálfa. Dómurinn telur því að ekki sé unnt að lesa tölvuskeytið þannig að stefndi hafi átt við að hann myndi greiða hljómsveitarmeðlimunum en hann ætlaði sér ekki að láta féð fara um hendur stefnanda. Jafnframt er ótvírætt af margnefndum tölvuskeytum að það var ekki hlutverk Slayer Touring heldur hlutverk stefnanda, sem umboðsmanns hljómsveitarinnar í Evrópu, að tryggja að Solstice stæði við samninginn og greiddi þann hluta samningsgreiðslunnar sem hafði ekki verið inntur af hendi. Þar fyrir utan hafði stefndi nægjanlegt ráðrúm til þess að fara eftir þeim skilningi sem hann segist nú leggja í ábyrgðaryfirlýsingu sína og greiða hljómsveitinni beint. Hann hefur hins vegar ekki haldið fram að það hafi hann gert.

Dómurinn fær ekki séð að reglur félagaréttar um takmarkaða ábyrgð hafi þýðingu í málinu enda beinist krafan ekki að stefnda sem hluthafa í félaginu Solstice Productions heldur byggir krafan á því að hann hafi gefið loforð óháð réttarstöðu sinni sem hluthafa eða framkvæmdastjóra.

Eftir að stefnandi hafði eignast kröfu Slayer Touring á hendur Solstice Productions, fyrst með því að greiða Slayer Touring 10. og 11. október 2018 þá fjárhæð sem Solstice átti eftir að greiða, svo og með framsalssamningi gerðum 27. mars 2019, var loforð stefnda Friðriks um greiðslu ekki lengur þriðjamannsgerningur. Ábyrgð hans fylgdi skuld Solstice við framsalið enda batt stefndi loforð sitt í tölvuskeyti til stefnanda 13. september 2018 ekki því skilyrði að það gildi ekki ef Slayer Touring myndi framselja kröfu sína á hendur Solstice Productions. Hann tók þó fram að hann gæti ekki staðið við loforðið fyrr en hann hefði selt fasteign sem hann ætti.

Fjárnám var gert hjá Solstice Productions 30. ágúst 2019 vegna þessarar skuldar sérstaklega og var það árangurslaust. Almennt hefur árangurslaust fjárnám hjá aðalskuldara verið talið fullnægjandi sönnun fyrir ógjaldfærni hans. Eins og áður greinir var fjárnám gert hjá stefnda Solstice 30. ágúst 2019 fyrir þessari kröfu sérstaklega og reyndist það árangurslaust. Því stendur 3. mgr. 2. gr. laga um ábyrgðarmenn nr. 32/2009 því ekki í vegi að stefnandi leiti fullnustu kröfu sinnar hjá stefnda.

Dómurinn telur stefnda ekki hafa sýnt fram á að efni samnings, staða samningsaðila, atvik við samningsgerðina eða atvik sem síðar komu til séu þannig að telja verði ósanngjarnt af stefnanda eða andstætt góðri viðskiptavenju að hann beri loforðið fyrir sig, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936. Ákvæði 36. gr. a–c eiga við um neytendasamninga og koma því ekki til skoðunar við úrlausn þessa máls.

Aðild til sóknar

Stefndi vefengir einnig að sannað sé að stefnandi hafi eignast meinta kröfu á hendur stefnda. Samkvæmt berum orðum samningsins var hann milli Solstice Productions ehf. og Slayer Touring LLC fyrir hönd (for and on behalf of) Slayer. Þar eð Slayer Touring var viðsemjandi Solstice Productions telur dómurinn að fyrrnefnda fyrirtækinu hafi verið heimilt að framselja stefnanda kröfu sína á hendur Solstice. Meðlimir hljómsveitarinnar hafi því ekki þurft að eiga aðild að framsalinu.

Í framsalsskjalinu eru atvik að baki kröfunni rakin, svo og samningsaðilar. Fjárhæð kröfunnar er ítarlega tilgreind í framsalsskjalinu, hvor tveggja upphafleg samningsfjárhæð og ógreiddar eftirstöðvar hennar.

Dómurinn fellst ekki á þann skilning stefnda að svo hafi samist að Solstice greiddi 6.000 bandaríkjadali fyrir flutning tækjabúnaðar svo og flug fyrir átta hljómsveitarmedlimi á fyrsta farrými og tíu starfsmenn á hefðbundnu farrými. Þvert á móti fellst dómurinn á skilning stefnanda á inntaki samningsins enda verður ekki séð að efni samningsins hafi verið mótmælt fyrr en stefndi lagði fram greinargerð sína. Aðalskuldariinn, Solstice Productions, ákvað að halda ekki uppi vörnum fyrir dómi gegn fjárhæð flugkostnaðarinnar. Við það er stefndi Friðrik bundinn. Dómurinn fellst því á að eftirstöðvar samningsskuldbindingarinnar séu rétt tilgreindar í framsalsskjalinu.

Dómurinn telur að það haggi ekki gildi skjalsins þótt samningurinn sem krafa Slayer Touring á hendur Solstice Productions byggðist á hafi ekki fylgt með enda liggur ekki annað fyrir en að þessi tvö félög hafi einungis gert þennan eina samning sín á milli.

Það eru því hvorki annmarkar á tilgreiningu kröfunnar í framsalsskjalinu né aðrir annmarkar á framsali kröfunnar. Samkvæmt almennum reglum um kröfuábyrgð fylgdi ábyrgð stefnda á greiðslu skuldarinnar með við framsalið þótt það væri ekki sérstaklega tilgreint í framsalsskjalinu. Dómurinn telur því ekki leika neinn vafa á rétti stefnanda til greiðslu úr hendi stefnda.

Fjárhæð ósönnuð

Það er þriðja meginmálsástæða stefnda fyrir sýknu að fjárhæð kröfu stefnanda sé ósönnuð. Dómurinn telur ekki nokkrum vafa undirorpið að Solstice Productions hafi samþykkt 9. febrúar 2018 að greiða 250.000 bandaríkjadali sem heildarþóknun fyrir framkomu hljómsveitarinnar á tónlistarháttíðinni Secret Solstice. Þessi fjárhæð breyttist aldrei þótt hún væri ekki sundurliðuð á sama hátt í upphafi og síðar varð. Stefndi ráðlagði viðsemjanda sínum að gefa út tvo reikninga. Annan fyrir laun, þannig að nýta mætti í Bandaríkjunum vörsluskatta sem bæri að greiða af þeirri fjárhæð hér á landi, og hinn fyrir kostnað. Fjárhæðin sundurliðaðist annars vegar í 150.000 dali í laun, sem að frádregnum 30.000 dölum í skatt nam 120.000 dölum og hins vegar í 100.000 dali fyrir framleiðslukostnað (production expenses). Það er jafnframt ótvírætt að Solstice samþykkti að greiða 6.000 dali upp í kostnað við að flytja búnað hljómsveitarinnar innan Bandaríkjanna, svo og flugfargjöld átta hljómsveitarmedlima á fyrsta farrými og tíu starfsmanna hljómsveitarinnar á venjulegu farrými. Kostnaður vegna fargjaldanna lá ekki fyrir 9. febrúar, þegar Solstice Productions tók tilboði Slayer Touring, en hann lá fyrir 21. júní. Ekki verður annað séð af fram lögðum gögnum en að starfsmenn Solstice hefðu getað aflað sér upplýsinga um kostnaðinn fyrr hefðu þeir viljað.

Dómurinn felst ekki á það að með því að Solstice Productions hafi séð um þann frágang og uppsetningu búnaðar á sviðinu sem var innifalinn í samningnum, svo sem „Sound and lighting – To the exact specification of the artist and to be approved by Slayer in advance“ hafi félagið þar með greitt fyrir liðinn framleiðslukostnað (production expenses) í samningnum sem nam 100.000 dölum. Fyrir þessum lið í samningsfjárhæðinni var lagður fram reikningur 3. mars 2018.

Sjá má af tilboði Solstice og af gagntilboði Slayer Touring að það er samið um heildarfjárhæð og

undir hælinn lagt hvernig henni var skipt á milli reikninga, þ.e.a.s. annars vegar fjárhæð sem bar að greiða skatt af og hins vegar fjárhæð sem var skattfrjáls. Þegar stefndi Friðrik ritaði tölvuskeytið 7. febrúar 2018 og fór yfir skattareglur virtist hann telja hugtakið „production cost“ geta tekið til margvíslegra þátta, svo sem „management fee“ og „agency fee“. Fjárhæðin sem fellur undir þennan lið er því ekki reiknuð út nákvæmlega vegna einhvers tiltekins verkefnis sem starfsmenn Slayer Touring ætluðu að inna af hendi en hefðu allt eins getað falið starfsmönnum Solstice gegn greiðslu. Hún er einfaldlega hluti af tilbóðsfjárhæðinni, óháð því hvort að baki henni sé nánar tilgreindur kostnaður eða ekki. Því verður ekki talið að Solstice hafi greitt þennan hluta þóknunarinnar með vinnuframlagi starfsmanna sinna.

Fyrir því að fjárhæð flugkostnaðar sé ósönnuð færir stefndi þau rök að stefnandi hafi ekki lagt fram frá sérhverju flugfélagi kvittun fyrir þeirri fjárhæð sem hverju um sig var greidd fyrir ferðalag sérhvers farþega, hvort heldur hljómsveitarmeðlima eða starfsmanna sveitarinnar. Ferðaskrifstofan Altour virðist hafa séð um að kaupa alla flugmiðana og fram hafa verið lagðar kvittanir frá henni um flugleið allra hljómsveitarmeðlima og starfsmanna sveitarinnar. Á þessum yfirlitum stendur að fjárhæð fyrir sérhvern farþega sé að fullu greidd (total amount due 0.00). Flestir þurftu fyrst að fljúga innan Bandaríkjanna og þaðan hingað til lands og sambærilega leið til baka. Framlögð gögn sýna að Solstice Productions virðist ekki hafa lagst yfir flugleið hvers um sig og mótmælt því hvað hver „flugleggur“ kostaði heldur einvörðungu ítrekað að sér þætti heildarfjárhæð fargjaldanna há. Það er rétt að samantekt yfir fargjöldin sem fyrst var send ber ekki að öllu leyti saman við kvittanirnar frá Altour sem bárust síðar. Sá munur sem er á milli fjárhæða í þessum tveimur skjölum er þó svo smávægilegur að hann getur ekki haft þýðingu. Þegar samantekt á flugkostnaði var send Solstice 21. júní 2018 var tekið fram að fjárhæðin væri í bandaríkjadöllum. Í bréfum fyrirvarsmanns stefnanda til stefnda er einnig tekið fram að skuld vegna flugkostnaðar sé í bandaríkjadöllum. Það var ekki fyrir en stefndi greip til varna að dregið var í efa að fjárhæðin væri í þeim gjaldmiðli.

Stefndi hefur ekki fært neinar sönnur á það hvað teljist eðlilegur og sanngjarn kostnaður við að flytja átta manns á fyrsta farrými og tíu manns á venjulegu farrými fyrst innan Bandaríkjanna, síðan þaðan og hingað og svo til baka. Stefndi hefur því ekki sýnt fram á að kostnaðurinn af þessu farþegaflugi hafi verið ósanngjarn.

Tómlæti

Stefndi byggir einnig á því að stefnandi hafi sýnt tómlæti við að halda rétti sínum á hendur honum til haga.

Eftir að stefndi sendi fyrirvarsmanni stefnanda ábyrgðarloforðið 13. september 2018 héldu þeir tveir áfram að skrifast á og heiti skeytanna var „SLAYER DEBT“. Samkvæmt efni skeytanna munu þeir einnig hafa rætt saman í síma. Stefndi leit aði til lögmanns í desember 2018, sem sendi stefnda kröfubréf 21. desember 2018 og krafðist þess að hann stæði við það loforð sem hann veitti í tölvuskeytinu 13. september að greiða með eigin fé skuldir Solstice við stefnanda. Það liðu því einungis rúmir þrjú mánuðir frá því að stefndi veitti loforðið þar til innheimtubréf var sent. Stefna var, eins og áður greinir, birt stefnda 3. febrúar 2019 í Bretlandi. Svo snör handtök geta ekki talist tómlæti, auk þess sem tölvuskeyti sýna að fyrirvarsmáður stefnanda ýtti bæði skriflega og í símtölum mjög þétt og reglubundið á eftir því að það sem út af stæði yrði greitt. Stefndi verður því ekki talinn hafa glatað rétti fyrir tómlæti.

Samandregið

Dómurinn telur því sannað að það hafi komist á bindandi samningur milli Solstice Productions og Slayer Touring 9. febrúar 2018 þess efnis að hljómsveitin Slayer kæmi fram laugardaginn 23. júní það ár á tónlistarhátíðinni Secret Solstice gegn því að Solstice Productions greiddi 250.000 dala þóknun, 6.000 dala framlag til flutningskostnaðar og flugfargjöld átta hljómsveitarmeðlima og 10 starfsmanna sveitarinnar.

Dómurinn telur að samningsskyldur Solstice Productions við stefnanda hafi ekki verið gerðar upp að fullu með greiðslu 160.000 bandaríkjadala sem var innt af hendi annars vegar með 120.000 dölum 19.

júní og hins vegar 40.000 dölum 10. ágúst 2018. Þvert á móti hafi verið sýnt fram á að af samningsfjárhæðinni séu enn ógreidd flugfargjöldin, svo og eftirstöðvar þóknunarinnar.

Solstice hélt eftir sem vörslusköttum 20% af 150.000 dölum, eða 30.000 dölum. Félaginu bar því að greiða 220.000 dali í þóknun. Stefnandi krefst greiðslu eftirstöðva þóknunarinnar, sem nema 60.000 dölum, og kostnaðar við farþegaflug sem nemur 73.273,45 dölum.

Dómurinn telur að loforð sem stefndi veitti stefnanda í tölvuskeyti 13. september hafi verið gilt og með því hafi stefndi lofað að greiða með eigin eignum eftirstöðvar samningsfjárhæðarinnar sem þá voru enn ógreiddar. Það loforð hafi þó verið bundið því frestskilyrði sem síðar var fullnægt að stefndi hefði selt aðra af tveimur íbúðum sem hann átti.

Dómurinn telur fram lögð gögn sýna að Slayer Touring hafi átt kröfuna, svo og að ekki séu neinir annmarkar á framsali hennar til stefnanda. Með framsali hennar hafi ábyrgð stefnda einnig fylgt.

Dráttarvextir

Stefnandi krefst dráttarvaxta frá 4. júlí 2018. Af 10. grein samnings málsaðila verður ekki annað séð en greiða hafi átt þá fjárhæð sem hafði ekki verið greidd fyrirfram eigi síðar en sjö dögum eftir að hljómsveitin Slayer kom fram, sem var laugardagskvöldið 23. júní. Samkvæmt 10. grein samningsins bar því að greiða það sem út af stóð eigi síðar en 30. júní. Stefnandi virðist miða gjalddaga við greiðsluáætlun sem Katrín Ólafsson sendi stefnanda 24. febrúar 2018 þar sem kom fram að fyrsta greiðsla yrði innt af hendi 4. apríl, flug- og flutningskostnaður yrði greiddur 4. júní og allt gert upp með lokagreiðslu 4. júlí.

Dómurinn fær ekki séð að nein atvik réttlæti að dráttarvextir séu lagðir á skuldina frá síðara tímamarki en 4. júlí 2018.

Samkvæmt þessari niðurstöðu, og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 2.300.000 kr. Við ákvörðun fjárhæðarinnar var tekið tillit til virðisaukaskatts á málflutningsþóknun, svo og kostnaðar af þýðingu skjala og kostnaðar af því að birta stefnu í útlöndum.

Ingiríður Lúðvíksdóttir héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

D Ó M S O R Ð

Stefndi, Friðrik Ólafsson, greiði stefnanda, K2 Agency Limited, 133.273,45 bandaríkjadali með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 4. júlí 2018 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 2.300.000 kr. í málskostnað.